

Alþingi
Viðskipta- og efnahagsnefnd
Alþingishúsið
v/Austurvöll

Reykjavík, 15. mars 2006

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, sbr. þskj. 916 - 623. mál.

Með frumvarpi um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, sbr. þskj. 916 - 623. mál er m. a. gerð tillaga um breyting á 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Sjálfstæð skattskylda samlagshlutafélaga var endurvakin fyrir nokkrum árum. Ýtarleg ákvæði hefur hins vegar skort um fyrirkomulag skattskyldunnar. Með frumvarpinu er bætt úr því og er það vel. Álitamál er þó hvort ákvæði um samlagshlutafélög eigi ekki betur heima í 3. tölul. greinarinnar þar sem samlagshlutafélög eru jú í eðli sínu eins konar samlagsfélög.

Síðari málsliður greinarinnar um að hjón ein sér eða með ófjarráða börnum sínum geti ekki myndað samlagshlutafélag er sé sjálfstæður skattaðili tel ég hins vegar byggja á misskilningi. Hliðstætt ákvæði er að finna í 3. tölul. greinarinnar um sameignarfélög og samlagsfélög. Kom það inn í lögin 1971 er hjón voru samsköttuð og gegndi umfram allt því hlutverki að hindra að þau gætu dreift tekjuskattsstofni sínu á marga aðila.

Samkvæmt gildandi lögum eru hjón hins vegar sérsköttuð. Takmörkun á möguleikum þeirra til að stofna sameignarfélag, samlagsfélag eða samlagshlutafélag á því ekki lengur við. Engum takmörkum er heldur bundið fyrir sambúðarfólk að stofna slík félög, er séu sjálfstæðir skattaðilar, og skilur maður því ekki alveg hvers hjón eiga að gjalda. Auðvitað er alltaf einhver hætta á málamyndagerningum. En hún er ekki meiri en við önnur félagsform. Hjón mega t.d. vera einu stofnendur einkahlutafélags. Sjá nánar bók mína Skattur á fyrirtæki, bls. 688.

Í skattframkvæmd reynir helst á þessa takmörkun þegar sambúðarfólk, er stundað hefur atvinnurekstur saman, gengur í hjónaband. Hafi verið tap af rekstrinum áður en aðilarnir gengu í hjónaband, sem oftast er þegar um nýstofnaðan rekstur er að ræða, þurrkast það út við hjónabandið, sem þýðir að ekki má nota það til frádráttar tekjum síðar, það er þegar hagnaður verður af starfseminni. Oftast uppgötvast þetta ekki fyrr en að tveimur til þremur árum liðnum frá hjónabandsstofnuninni sem þýðir að endurákvarða verður skatta makanna aftur í tímann með 36,72% skatti í stað 26% skatts.

Nokkur hjón hafa lent mjög illa í þessu. Ég legg því til að umræddri málsgrein verði sleppt. Jafnframt geri ég að tillögu minni að sambærileg málsgrein í 3. tölul. greinarinnar verði felld niður.

Samsköttun félaga, sbr. 55. gr. laga nr. 90/2003.

Árið 1998 samþykkti Alþingi ákvæði sem gaf hlutafélögum, þar með talið einkahlutafélögum, kost á samsköttun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Nýti félög sér þessa heimild er tekjuskattsstofn þeirra gerður upp saman. Ef tap er af einu félagi má því draga það frá hagnaði af öðru. Sama gildir um tap fyrir samsköttun ef fullnægt er skilyrðum 54. gr. ofangreindra laga, sem fjallar um heimild félags til að nýta ónýtt rekstrartap yfirtekens félags við sameiningu, sbr. ákvæðið er hljóðar svo:

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Þó er heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun **ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga nr. 154/1998** og ef uppfyllt eru öll skilyrði 54. gr., um sameiningu félaga.

Allt er þetta fullkomlega eðlilegt fyrir utan eitt atriði er varðar fyrirvaran: ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga nr. 154/1998. Samkvæmt honum verður móðurfélag nefnilega að hafa átt 90% í dótturfélagi 28. des. 1998 er lög nr. 154/1998 öðluðust gildi. Félag, sem eignast 90% í dótturfélagi eftir það tímamark, hefur því **ekki** heimild til að nýta sér umrætt tap enda þótt fullnægt sé skilyrðum 54. gr. að öðru leyti. Við þessar aðstæður á félag því ekki annarra kosta vöð en að slíta samsköttuninni og sameinast dótturinni sem kostar fyrirhöfn og veldur óþarfa kostnaði.

Ég legg því til að orðalagið: **ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga nr. 154/1998, verði felld niður úr ákvæðinu.**

Sameiginleg ábyrgð hjóna á skattskuldum hvors annars

Í 1. málsl. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 er að finna svofellt ákvæði:

116. gr. Hjón, sbr. 62. og 80. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja.

Í starfi mínu sem skattalögmaður fæ ég stundum inn á borð mitt vandamál þar sem í hlut á kona um fertugt nýskilin er við eiginmann sinn vegna fjárhagslegrar óreiðu. Skattar hans m. a. vegna sjálfstæðrar starfsemi, er konan kom hvergi nálægt, voru þannig oftast áætlaðir og þar sem maðurinn greiðir skattana ekki á réttum tíma er gengið að konunni. Hún berst í bökkum við að halda fjölskyldunni saman sem er erfitt vegna þess að hún er í láglaunastöðu.

Um hver mánaðarmót þarf hún samt að greiða 10 þús. upp í skattskuld mannsins. Þar að auki hirðir ríkið allar vaxtabætur og barnabætur konunnar. Vegna þessa er hún að gefast upp og veltir fyrir sér að hætta að vinna og leita á náðir félagsþjónustunnar. Er þetta eðlilegt fyrirkomulag spyr ég mig og svar mitt er **NEI**. Hvernig má þá breyta þessu fyrirkomulagi? Það má gera með því að lögfesta svofellt ákvæði í framhaldi af 1. másl. ofanefndrar greinar.

Ábyrgð vegna skatta af reiknuðu endurgjaldi og hagnaði sem rót á að rekja til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, sem maki stendur einn fyrir, hvílir þó eingöngu á honum.

Til fróðleiks er rétt að vekja athygli á því að konur á öðrum Norðurlöndum bera almennt ekki ábyrgð á atvinnurekstrarskattskuldum eiginmanna sinna nema þau standi bæði fyrir honum.

Virðingarfyllst,

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Fyrirtækja- og skattasvið

Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl.

Suðurlandsbraut 20

108 R